

AUGLÝSING um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Holtahverfi í landi Fells.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi Holtahverfis í landi Fells. Í breytingunni felst aukin byggingarheimild innan deiliskipulagssvæðisins með þeim hætti að aukahús á lóð (geymsla, svefnhús, gróðurhús) verði allt að 40 m² í stað 30 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 5. nóvember 2020.

Deiliskipulagsbreyting, Skógarbrekka 1, L211880, Snorrastaðir.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi lóðar Skógarbrekku 1, L211880, að Snorrastaðum. Í breytingunni felst aukin byggingarheimild fyrir sumarhús sem nemur 30 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 20. apríl 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. júní 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.